

23. Ársþing KAÍ, 27. febrúar 2010

**EFNISYFIRLIT**

Stjórn KAÍ 2009 - 2010:.....	3
SKÝRSLA STJÓRNAR.....	4
Frá formanni.....	4
Samæfingar á vegum landsliðsnefndar KAÍ vorið 2009.....	5
Æfingaferð á Skagann 21. og 22. febrúar.....	5
Karateþing 2009.....	5
Góður árangur á Sænska bikarmótinu í kata.....	6
Krokoyama Cup 2009.....	7
Fundur hjá Norræna karatesambandinu.....	7
Opna Bandaríska meistaramótið í karate 2009.....	8
Fyrstur til að fá EKF referee réttindi í kumite.....	8
Æfingabúðum á Akranesi.....	8
Landsliðshópar.....	9
Telma Rut með Silfur á Copenhagen Open.....	10
Dómaranámskeið KAÍ í kumite 2009.....	10
Frábær árangur á Stockholm Open.....	11
Karatemaður og karatekona ársins 2009.....	12
NEFNDIR.....	14
Aganefnd.....	14
Dómaranefnd.....	14
Landsliðsnefnd.....	14
Mótanefnd.....	14
Fréttabréf Landsliðsnefndar.....	15
1. tbl janúar 2009.....	15
2. tbl mars 2009.....	16
3. tbl maí 2009.....	18
4. tbl september 2009.....	21
MÓT Á ÁRINU 2009.....	24
Íslandsmeistaramót barna og unglunga í kata 2009.....	24
Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata 2009.....	27
Norðurlandameistaramótið í Karate 2009.....	28
GrandPrix mót KAÍ 2008-2009.....	30
Bikarmót KAÍ 2008-2009.....	31
Íslandsmeistaramót unglunga í kumite 2009.....	32
Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite 2009.....	33
1. GrandPrix mót KAÍ 2009-2010.....	34
1. Bikarmót KAÍ 2009-2010.....	36
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.....	37
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	39
REGLUGERÐIR.....	42
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.....	42
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.....	47
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.....	48
REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	49

Karatesamband Íslands

REGLUR UM KARATEDÓMARA.....	51
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	52
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ.....	53
REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2009 .....	54
EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2009.....	56

## Stjórn KAÍ 2009 - 2010:

Reinharð Reinharðsson	formaður
Helgi Jóhannesson	vara-formaður
Jón Ingi Þorvaldsson	ritari
Kristján Gaukur Kristjánsson	gjaldkeri
Daníel Sigurðsson	meðstjórnandi
Ágústa R. Andrésdóttir	varamaður
Indriði Jónsson	varamaður
Guðni Már Egilsson	varamaður

## SKÝRSLA STJÓRNAR

### *Frá formanni.*

Árið 2009 var á margan hátt ánægjulegt fyrir karate á Íslandi. Mót á vegum sambandsins eru komin í nokkuð fast form og er góð þátttaka á öllum mótum fyrir yngri iðkendur en enn má gera betur á mótum fyrir fullorðna. Er vonandi að fleiri unglingar haldi áfram keppni og taki þátt í mótum fullorðinni í framtíðinni. Vil ég þakka mótanefndinni og sérstaklega formanninum, Þórunni Ýr Elíasdóttur, fyrir mikið og óeigingjarnt starf síðastu ár við skipulag móta og mótstjórn.

Norræna karatesambandið ákvað eftir Norðulandamótið í Kaupmannahöfn að bæta við Kadet og Junior flokkum á NM 2010 í Tallinn og ef reynslan verður góð verður því haldið áfram í framtíðinni. Nú eru Norðurlöndin fimm auk Eystrasaltslandanna þriggja í samtökunum svo búast má við aukinni keppni á næstu mótum. Stefnir KAÍ að því að geta teft fram keppendum í sem flestum flokkum innan fárra ára.

Landsliðsnefndin hefur verið ötul þetta árið og vil ég þakka nefndarmönnum fyrir starf þeirra og uppbyggingarstarfið sem þeir hafa staðið fyrir síðustu árin. Sambandið ákvað að draga úr utanferðum vegna efnahagsástandsins en hefur sent keppendur reglulega á mót í Evrópu þar sem þeir eiga raunhæfa möguleika á verðlaunum og hefur náðst góður árangur í þessum ferðum eins og fram kemur síðar í skýrslunni. Sambandið hefur styrkt efnilega keppendur til keppnisferða erlendis og vonum við að það hvetji þá til dáða í framtíðinni.

Alþjóða Ólympíunefndin, IOC, kom saman í október í Kaupmannahöfn og ákváð Karatesamband Danmerkur að halda alþjóðlegt mót þessa sömu helgi til að kynna íþróttina og tóku keppendur frá Íslandi þátt í mótinu. Á þessum fundi IOC var tekin ákvörðun um að fjölga um tvær nýjar íþróttgreinar á Ólympíuleikunum 2016. Því miður varð karate ekki fyrir valinu.

Karatesambandið var stofnað 28. febrúar 1985 og er því 25 ára um þessar mundir. Að því tilefni var lokst ráðist í að búa til hátíðarfána til nota við opinbera viðburði sambandsins. Einnig var ákveðið að taka saman helstu upplýsingar um starf sambands síðustu 25 ár og er það von mín að það að hafa þær á einum stað auðveldi yfirsýn yfir starfið til þessa. Upplýsingarnar eru komnar á vef sambandsins og á að vera auðvelt að bæta við þær jafnóðum í framtíðinni. Vil ég sérstaklega þakka Helga Jóhannessyni fyrir samantektina á verðlaunahöfum KAÍ. Einnig fyrri formönnum sambandsins, þeim Hannesi Hilmarssyni, Karli Gauta Hjaltasyni og Ólafi Wallevik fyrir aðstoðina og fyrir greinargóðar skýrslur fyrri ára.

Ég vil að lokum þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum fyrir góð störf á síðasta ári og vona að hreyfingin fái notið krafta þeirra áfram.

Reinhard Reinhardsson  
Formaður KAÍ

## ***Samæfingar á vegum landsliðsnefndar KAÍ vorið 2009.***

Haustið 2008 hófust reglubundnar samæfingar á vegum landsliðsnefndar KAÍ bæði í Kata og Kumite. Æfingarnar eru ætlaðar keppnisfólki í karate, 14 ára og eldri, sér í lagi þeim sem stefna á að komast í landslið Íslands í Karate.

Félögin skiptast á að halda æfingarnar og er miðað við að þær séu einfaldlega hluti af æfingatöflu hvers félags fyrir sig og að félögin leggi í flestum tilvikum til þjálfara fyrir æfingarnar.

## ***Æfingaferð á Skagann 21. og 22. febrúar.***

Á æfingabúðunum á Akranesi helgina 21.-22. febrúar voru bæði æfingar í kata og kumite. Lars Henrikssen stjórnaði Kataæfingum og Andri Sveinsson Kumiteæfingunum. Gist var í félagsmiðstöðinni "Þorpinu" og þurfti hver og einn að hafa mér sér dýnu og sængurföt.

Æfingarnar voru sem fyrr fyrir alla 14 ára og eldri (f95+) sem hafa áhuga á keppni í kata eða kumite.

Dagskrá var eftirfarandi:

Laugardagur:

Mæting upp á skaga kl 11:30

Kumite:

13:00-14:30 - Kumite æfing

16:00-17:30 - Kumite æfing

Kata:

16:00-18:00 - Kata æfing

19:00-24:00 - Matur, glens og gaman

Sunnudagur:

10:00-12:00 - Bæði kata og Kumite æfing samtímis.

12:00-12:30 - Tilkynnt var hverjir verða kandídatar fyrir NM í apríl í kata og kumite, ásamt því hverjir hljóta styrki á komandi mót.

## ***Karateþing 2009.***

Karateþing 2009 var haldið í fundarsal Breiðabliks, í Stúkunni við Kópavogsvöll laugardaginn 14. mars kl. 10.00 - 13.00.

Um 20 þingfulltrúar sóttu þingið. Reinharð Reinharðsson var einróma endurkjörinn sem formaður sambandsins.

Þrír stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér áfram til stjórnarsetu. Helgi Jóhannesson, Kristján Gaukur Kristjánsson og Daníel Sigurðsson voru kosnir í þeirra stað í stjórnina.

Ágústa R. Andrésdóttir var kosin ný í varastjórn. Lítilsháttar reglugerðabreytingar sem samþykktar höfðu verið af stjórn KAÍ voru kynntar á þinginu.



Frá Karateþingi 2009.

### ***Góður árangur á Sænska bikarmótinu í kata.***

Þeir voru kátir karatekapparnir sem komu heim frá Stokkhólmi í mars. Meðferðis voru 3 silfur og 1 brons og heilmikil keppnisreynsla. Heiðar Benediktsson hlaut silfur í sínum flokki (13 ára piltar) en hann var jafnframt í hópkataliði sem einnig hlaut silfur með þeim Birki Indriðasyni og Davíð Frey Guðjónssyni. Þriðja silfrið hlaut svo Hekla Helgadóttir, Þórshamri en hún var jafnframt í hópkataliði kvenna sem hlaut brons ásamt þeim Diljá Guðmundsdóttur, Þórshamri og Aðalheiði Rósu Harðardóttur, KAK.

Mótið var mjög fjölmennt eða um 650 keppendur frá fjölmörgum löndum, flestir auðvitað frá Svíþjóð en Finnar, Danir, Norðmenn og Eistar voru einnig fjölmennir. Auk Íslendinga voru einnig Englendingar og Rússar ásamt fleiri þjóðlöndum. Mótið var vel skipulagt og stóð frá 10-19.



Keppendur á leið til Svíþjóðar 2009.

## ***Krokoyama Cup 2009.***

Þrír keppendur frá Breiðablik, þeir Arnar Freyr Nikulásson, Ragnar Eypórsson og Vilhjálmur Þór Þóruson, ásamt Jovan Kujunzic úr KFR og Telmu Rut Frímansdóttur úr Aftureldingu tóku þátt í Krokoyama Cup í Koblenz, Þýskalandi í apríl. Mótið var geysisterkt kata- og kumitemót fyrir aldurshópinn 14-19 ára og voru margir verðlaunhafar frá Heims- og Evrópumótum unglunga meðal þátttakenda.

Ferðin var hin mesta skemmtun og keppendur okkar reynslunni ríkara. Eypór Ragnarsson var fararstjóri í ferðinni.



Keppendurnir fyrir utan keppnishöllina.

## ***Fundur hjá Norræna karatesambandinu.***

Fundur formanna karatesambanda Norðurlanda var haldinn kvöldið fyrir Norðurlandameistaramótið í karate. Antonio Espinós forseti Alþjóðakaratesambandsins var gestur á fundinum og kynnti áherslur WKF og stöðu mála við að koma karate inn á Ólympíuleikana. Samþykkt var á fundinum að fjölga flokkum á NM á næsta ári og bæstast þá við kadet og junior flokkur.



Formenn karatesambanda Norðurlanda ásamt Forseta alþjóðakaratesambandsins.

## **Opna Bandaríska meistaramótið í karate 2009.**

Ingólfur Snorrason tók þátt í US Open um páskana og fór með sigur af hólmi í aldursflokki 35 til 44 ára (opinn flokkur). Mótið var haldið í Las Vegas og var mjög fjölmennt, um 1400 manns úr öllum heimshornum.



Ingólfur með verðlaunagripinn.

### **Fyrstur til að fá EKF referee réttindi í kumite.**

Helgi Jóhannesson, 4. Dan, stóðst próf EKF dómara nefndarinnar í maí og jók við réttindi sín sem kumite dómari í Referee-B og í kata sem Judge-A. Er hann fyrstur Íslendinga til að ná réttindum sem Referee í kumite.

Óskum við honum til hamingju með árangurinn.

### **Æfingabúðum á Akranesi.**

Helgina 13.-14. júní stóð Landsliðsnefnd fyrir æfingabúðum á Akranesi, bæði í Kata og Kumite. Þjálfarar voru Pétur, Jonni og Einar Hagen. Gist var í félagsmiðstöðinni "Þorpinu". Æfingarnar voru sem fyrr fyrir alla 14 ára og eldri (f.95+) sem hafa áhuga á keppni í kata eða kumite.

Dagskrá er eftirfarandi:

Laugardagur:  
Mæting í Þorpið kl 11:30

13:00-14:30 - Bæði Kata og Kumite æfing samtímis.  
16:00-17:30 - Kumite og þrek æfing fyrir alla.

19:00-24:00 - Matur, glens og gaman.



## Karatesamband Íslands

Sunnudagur:

10:00-12:00 - Bæði kata og Kumite æfing samtímis.

12:30-14:00 - Sund.

### ***Landsliðshópar.***

Valinn hefur verið hópur sem skipa mun landslið Íslands í Karate á haustönn 2009. A landsliðið mun keppa á Copenhagen Open Karate Championship 3-4 október nk. og bæði A og B liðið munu síðan taka þátt í Stockholm Open Karate mótinu 31. október.

A landslið:

Kumite:

- Andri Sveinsson
- Ari Sverrisson
- Arnór Ingi Sigurðsson
- Ragnar Eypórsson (Junior)
- Arnar Freyr Nikulásson (Junior)

Kata:

- Hekla Helgadóttir
- Aðalheiður R. Harðardóttir (Junior)

B landslið:

Kumite:

- Kristján Ó Davíðsson
- Guðbjartur Ísak Ásgeirsson
- Elías Guðni Guðnason (Junior)
- Jóhannes Gauti Óttarsson (Junior)
- Telma Rut Frímansdóttir (Junior)

Kata:

- Kristján Helgi Carrasco (Junior)
- Diljá Guðmundsdóttir (Junior)
- Birkir Indriðason (Cadet)



Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn ásamt Jóni Inga Þorvaldssyni formanni landsliðsnefndar. Á myndina vantar Ara Sverrisson, Diljá Guðmundsdóttur og Birki Indriðason.

### **Telma Rut með Silfur á Copenhagen Open.**

7 keppendur kepptu helgina 3.-4. október á Copenhagen Open. Mótið var firnasterkt, en tæplega 40 þjóðir sendu þátttakendur. Bestum árangri okkar keppenda náði Telma Rut Frímansdóttir, Aftureldingu, í Kumite Junior -59 kg. Telma krækti í silfrið og var hársbreidd frá Gullinu þar sem hún tapaði 0-1 í úrslitum. Ari Sverrisson, Haukum, sem búsettur er í Danmörku náði einnig góðum árangri í Kumite Senior -75 kg, en þar vann hann fyrstu 2 bardagana en tapaði svo fyrir silfurverðlaunahafanum. Aðrir keppendur voru, Hekla Helgadóttir Þórshamri í Kata Senior, Aðalheiður Rósa Harðardóttir úr Karatefélagi Akranes í Kata Junior og Senior, Ragnar Eypórsson og Arnar Freyr Nikulásson úr Breiðablik en báðir kepptu þeir í Kumite Junior -68 kg og að lokum Arnór Ingi Sigurðsson úr Haukum sem keppti í Kumite senior -75 kg.



Telma Rut Frímansdóttir

### **Dómaranámskeið KAÍ í kumite 2009.**

Laugardaginn 10.október fór fram dómaranámskeið í WKF reglum, kumitehluta. Um 30 manns sóttu námskeiðið og af þeim fóru 10 manns í skriflegt próf. Á sunnudeginum 11.október fór fram verklegur hluti á meðan Íslandsmeistaramóti unglunga í kumite stóð yfir. Af þeim sem tóku prófin voru 5 einstaklinga að endurnýja sín réttindi og 5 einstaklingar að uppfæra eða fá meiri réttindi. Þeir sem fengu ný/meiri réttindi voru Willem Cornelis Verheul upp í Referee-B, Pétur Freyr Ragnarsson upp í Judge-A, Ágústa Andrésdóttir í Judge-B, Guðni Már Egilsson í Judge-B og Magnús Eyjólfsson í Judge-B. Nánari yfirlit yfir einstaklinga með dómararéttindi er að finna á heimasíðu KAÍ.

## **Frábær árangur á Stockholm Open.**

Helgina 31. október til 1. nóvember tóku 23 íslenskir keppendur aldrinum 11 til 20 ára þátt í Stockholm Open. Þar á meðal voru bæði A og B landslið Íslands ásamt fleiri keppendum sem félögin sendu. Sum þeirra voru að stíga sín fyrstu skref í keppni á erlendri grundu. Keppendur á mótinu voru rúmlega 600 frá 9 þjóðlöndum. Arangur liðsins var einkar glæsilegur þar sem Íslendingarnir sópuðu til sín verðlaunum. 3 gull, 3 silfur og 11 brons var afraksturinn þegar upp var staðið.



Keppendurnir við heimkomuna í Keflavík.

Flokkur 11 ára drengja  
Ernir Guðnason, Fylki, Brons í Kumite

Flokkur 13 ára drengja  
Jónas Ingi Thorarensen, Þórshamri, Brons í kumite

Flokkur kadeta (14-15 ára)  
Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylki, GULL í kumite -70 kg  
Valdís Vilmarsdóttir, Þórshamri, GULL í kata 4-6 kyu  
Birkir Indriðason - Breiðablik, Brons í kata pilta  
Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik Brons í kata stúlkna  
Svana Katla Þorsteinsóttir, Breiðablik, Brons í kata stúlkna  
Birkir, Svana og Kristín, Breiðablik, Brons í hópkata

Flokkur Juniora (16-17 ára)  
Kristján Helgi Carrasco, Aftureldingu, Silfur í kumite -61 kg  
Ragnar Eypórsson, Breiðablik, Brons í kumite -76 kg  
Telma Rut Frímansdóttir, Aftureldingu, brons í Kumite -59 kg  
Aðalheiða Rósa Harðardóttir, Karatefélagi Akranes, brons i opnum flokki kata.

Flokkur Seniora (16 ára+ í kata og 18 ára+ í kumite)  
Arnór Ingi Sigurðsson, Haukum, GULL í -75 kg  
Hekla Helgadóttir og Dilja Guðmundardóttir þórshamri ásamt Aðalheiðu Rósu, Akranesi, Silfur í Hópkata kvenna  
Ragnar Eypórsson og Arnar Freyr, Breiðabliki ásamt Kristjóni Ó Davíðssyni, Haukum, Silfur í Hópkata karla  
Hekla Helgadóttir, Þórshamar, Brons í kumite -55 kg  
Arnór Ingi Sigurðsson og Kristján Ó Davíðsson, Haukum, Brons í liðakeppni í kumite karla (Guðbjartur Ísak þurfti að drag sig úr liðikeppni sökum meiðsla sem hann hlaut fyrir um daginn)

Sá er þetta ritar er til efs að áður hafi íslenskur hópur komið heim jafn klifjaður af málmi af alþjóðlegu karatemóti.

## Karatesamband Íslands

Að venju var hópurinn til fyrirmyndar á öllum sviðum, innan sem utan vallar. Virkilega glæsilegir fulltrúar karate á Íslandi og við óskum þeim öllum innilega til hamingju með árangurinn og þökkum öllum þátttakendum fyrir skemmtilega daga í Stokkhólmi.

### ***Karatemaður og karatekona ársins 2009.***

Arnór Ingi Sigurðsson, Haukum og Hekla Helgadóttir, Þórshamri voru valin karatemaður og karatekona ársins 2009.

#### **Hekla Helgadóttur, Þórshamar**

Hekla er ung að árum en hefur verið vaxandi í keppnum á árinu. Hún hefur verið virk í landsliðinu og er verðugur fulltrúi kvenna í karateíþróttinni.

Íslandsmeistaramót fullorðina í kata 1. sæti í Kata kvenna  
Íslandsmeistaramót fullorðina í kata 1. sæti í Hópkata kvenna  
Sænska Kata Pokalen 2. sæti Konur 1.-3. Kyu flokkur  
Sænska Kata Pokalen 3. sæti Hópkata konur  
Bikarmeistari kvenna 2008-2009  
Grand Prix meistari í kata 2008-2009  
Grand Prix mótaröðinni 2. sæti í kumite 2008-2009  
Stockholm Open 2. sæti Kata Hópkata kvenna  
Stockholm Open 3. sæti Kumite Kumite kvenna -55 kg flokkur  
Íslandsmeistaramót fullorðina í kumite 3. sæti Kumite kvenna -61 kg flokkur  
Íslandsmeistaramót fullorðina í kumite 1. sæti Kumite Opinn flokkur kvenna

#### **Arnór Ingi Sigurðsson, Haukar**

Þetta er fyrsta árið sem Arnór keppir á fullorðinsmótum og hefur hann staðið sig vel bæði innanlands og utan. Hann hefur lagt sig allan fram í landsliðinu og er verðugur fulltrúi karla í karateíþróttarinnar.

Stockholm Open 1. sæti kumite -75 kg flokkur  
Íslandsmeistaramót fullorðina kumite Karlar 1. sæti -84 kg flokkur  
GrandPrix Kumite 1. sæti kadet piltar fæddir 1991-1992  
ÍM kumite 2. sæti Karlar Opinn flokkur  
Bikarmótaröðinni 2008-2009 2. sæti með 24 stig



Arnór Ingi Sigurðsson og Hekla Helgadóttir

***Aganefnd***

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Gísli Magnússon

Helgi Jóhannesson

Willem Cornelis Verheul

**Varamenn:**

Gretar Örn Halldórsson

Guðni Már Egilsson

Vincente Carrasco

***Dómaranefnd***

Reinharð Reinharðsson - formaður

Helgi Jóhannesson

Gunnlaugur Sigurðsson

***Landsliðsnefnd***

Jón Ingi Þorvaldsson - formaður

Pétur Freyr Ragnarsson

Eyþór Ragnarsson

***Mótanefnd***

Þórunn Ýr Elíasdóttir - formaður

Haraldur Eyjar

Brynjar Aðalsteinsson

Birgir Páll Hjartarson

Willem Cornelis Verheul

## Fréttabréf Landsliðsnefndar

### 1. tbl janúar 2009

#### **Æfingar:**

Kumite.

Nú hefur verið sett upp æfingaplan fyrir vorið og má sjá dagskrána hér:

Fylgist vel með breytingum sem kunna að verða á planinu. Það er ein af forsendum þess að fá styrki til keppni á alþjóðlegum mótum að mæta á þessar æfingar. Við höfum öll gott að því að æfa með iðkendum úr öðrum félögum sem og að fá hugmyndir og leiðbeiningar frá mismunandi þjálfurum. Mæting hefur verið með ágætum á haustönn en við viljum sjá ennþá fleiri koma á þessar æfingar. Æfingarnar eru fyrir 14 ára (f. 1995) og eldri sem hafa hug á keppni í kumite. Sveinung Byberg verður svo með æfingabúðir 6.-8. mars með svipuðu sniði og áður, en einnig er hugmynd að halda eina helgi út fyrir höfuðstaðinn og æfa saman undir handleiðslu okkar færustu þjálfara.

Kata.

Okkur er það mikil ánægja að tilkynna að Lars Henriksson hefur verið ráðinn landsliðsþjálfari í Kata fram á vor í það minnsta. Lars er gífurlega keppnisreyndur og er m.a. margfaldur Danmerkurmeistari í Kata. Það er komið upp æfingaplan fyrir fyrstu 2 æfingarnar undir handleiðslu Lars.

Framhaldið verður tilkynnt eftir þessar æfingar. Það er ein af forsendum þess að fá styrki frá KAI til keppni á alþjóðlegum mótum að iðkendur mæti á þessar æfingar. Æfingarnar eru fyrir 14 ára (f. 1995) og eldri sem hafa hug á keppni í kata.

#### **Landslið:**

Ákveðið hefur hefur verið að fara af stað með Landslið í karate í bæði kata og kumite og verða búin til A, B og jafnvel C landslið. Karatesambandið vill stefna að því að byggja upp öfluga afreksmenn í karate og veita þeim viðunandi umgjörð. Landsliðsnefnd hefur sett fram skilyrði og viðmið sem farið verður eftir val á einstaklingum í landslið og verða þau kynnt fljótlega. Landsliðsfólk kemur til með að vera gert eins hátt undir höfði og efni og ráð standa til. Við höfum metnað í að bjóða uppá handleiðslu færustu sérfræðinga á hverju sviði en þurfum að venju að sníða stakk eftir vexti. Við vonumst til að geta farið strax af stað með þetta starf. Forsenda þessa er þó að sjálfsögðu að iðkendur sýni metnað í að æfa. Nú spýtum við í lófana og byggjum upp öflugan landsliðshóp.

#### **Mót:**

Stefnt er á 3 erlend mót með vorinu. Sænska Katamótið í Stokkólmi, Norðurlandamótið í Danmörku og svo er verið að athuga möguleika á einu móti í viðbót og til greina kemur t.d. mót fyrir 14-19 ára sem haldið er í Koblenz, Þýskalandi.

#### **NM**

NM verður haldið í Kaupmannahöfn 18 apríl. KAI stefnir á að senda kumitelið karla (5 einstaklingar), kumitelið kvenna (3 einstaklingar) og hópatalið í bæði karla og kvennaflokki (6 einstaklingar). Þessir einstaklingar munu svo keppa í einstaklingskeppni en þó má bara senda 2 keppendur frá hverju landi í hvern flokk. Einnig munu fara dómara frá okkur. KAI mun greiða ferð og gistingu fyrir keppendur, þjálfara og dómara á NM. Þeir einstaklingar sem ætla sér að komast í liðið verða að sýna metnað og mæta á æfingar landsliðsnefndar KAI. Til að taka þátt í Kata á NM þarf keppandi að vera orðinn 16 ára og í kumite 18 ára á keppnisdeginum.

*Sænska Kata Bikarmótið:*

## Karatesamband Íslands

Verður haldið í Stokkhólmi 22 mars. <http://www.inoue.se/katatrophy/> og er keppt í öllum flokkum og meira til (aldursskipt, beltaskipt).

### *Þýska Krokoyama-Cup:*

Verður haldið í Koblenz, Þýskalandi 18 apríl (já sama dag og NM og því ekki víst að allir klúbbar hafi tök á að fara, verið að skoða aðra möguleika) og er stórt mót fyrir 14-19 ára í kata og kumite. Við höfum ekki farið á þetta mót áður en sýnist öll umgjörð vera með því besta sem þekkest. <http://www.krokoyama-cup.de/>

Varðandi sænska og þýska mótið (eða annað) verður farið með svipuði sniði og undanfarin mót. Þ.e. félögin senda keppendur og bera ábyrgð á þeim. KAI styrkir hins vegar keppendur eftir því hve dugleg þeir hafa verið að mæta á samæfingar í vetur og að þau eigi erindi á mótin. Til að hljóta styrk frá KAI verður miðað við að mæting á samæfingar sé að lágmarki 40%. Þeir sem mæta 40-59% geta fengið allt að 20.000 kr styrk, 60-79% mæting gefur 30.000 kr styrk og 80%+ gefur 40.000 kr styrk. Iðkendur geta séð mætingu sína á sama stað og æfingaplanið. Við verðum vonandi kominn með frekari upplýsingar um mótin fljótlega, ss kostnað, ferðatilhögun osfrv.

Bendum öllum á að skrá sig í *Karate á Íslandi* grúppuna á Facebook en þar höfum við verið að setja inn upplýsingar og tilkynnum breytingar eins og við á.

Baráttukveðjur,  
Landsliðsnefnd

## **2. tbl mars 2009**

### **Æfingabúðir Akranes:**

Það var góður hópur sem skellti sér til Akraness helgina 21-22 febrúar og stundaði æfingar í bæði kata (sem Lars stjórnaði) og kumite (sem Andri stjórnaði). Virkilega vel heppnuð helgi og frábærar æfingar en iðkendur létu ekki síður vel af aðstöðunni sem boðið var uppá í Þorpinu, sem er félagsmiðstöðin á Skaganum, en þar gisti hópurinn. Endalaus afþreying og á laugardagskvöldið var skellt upp borðtennismóti þar sem keppendur lögðu undir eitt súkkulaði stk hver. Það er skemst frá því að segja að sá sem sigraði mótið, og þar með heil ósköp af súkkulaði, var trúlega eini keppandinn sem borðar ekki sælgæti, en það var Blikinn Ragnar Eypórsson. Í lok æfingarinnar á laugardag var NM hópurinn tilkynntur (sjá neðar). Við þökkum KAK innilega fyrir gestrisnina og vonandi verður þetta endurtekið í nánustu framtíð.





### **Sænska Katamótið í Stokkhólmi:**

Verður haldið 21. mars nk. og eru 10 Íslendingar skráðir til þátttöku, en þeir eru:

Frá Þórshamri: Hekla, Tommi og Diljá

Frá Breiðablik: Birkir, Heiðar, Davíð og feðginin Maggi og Kristín

Frá KAK: Heiða

Frá Aftureldingu: Kristján Helgi

Ásamt þeim fara Jón Ingi frá Þórshamri og Indriði frá Breiðblik til að vera krökkunum til halds og trausts.

KAI styrkir keppendur eftir mætingarhlutfalli þeirra á samæfingar eins og áður hefur verið kynnt.

Nánari upplýsingar um Sænska Katamótið gefur Jón Ingi Þorvaldsson

### **NM, Kaupmannahöfn, 18 apríl**

NM liðið var valið á Akranesi 21. Feb s.l. og er skipað eftirfarandi einstaklingum:

Kumite karla: Arnór Ingi, Kristján Ó. og Ari, allir úr Haukum ásamt Andra úr Fylki

Kata Karla: Tómas Lee, Þórshamri og Kristján Helgi Aftureldingu

Kata Kvenna: Hekla, Þórshamri og Heiða, KAK

Dómarar: Helgi Jóhannesson, Gunnlaugur Sigurðsson og Reinharð Reinharðsson

Liðstjóri: Jón Ingi Þorvaldsson

### **Krokoyama Cup, Þýskalandi eða Grand Prix Hradec Kralove, Tékklandi**

Stefnan var að fara með keppendur í kumite (og kata fyrir þau sem hafa áhuga) á Krokoyama Cup í Þýskalandi. Krokoyama Cup er hins vegar svo vinsælt að 20 tímum eftir að byrjað vara að taka við skráningum var oðið fullt. Okkur var ekki ljóst um þessar vinsældir en það er hins vegar veik von að við getum komið inn örfáum keppendum. Mótið er 18 apríl. Ef það gengur ekki upp þá er stefnan sett á Grand Prix Hradec Kralove í Tékklandi þann 25 apríl. Upplýsingar um mótið má finna hér <http://www.karatecup.com> Við gerum ráð fyrir að kostnaður við mótið (hvort

## Karatesamband Íslands

sem er í Tékklandi eða Þýskalandi) sé í kringum 60-70.000 kr (flug+hótel+ferðir). Það fer hins vegar mikið eftir því á hvaða verði við fáum flugið. Við þurfum að vita sem allra fyrst, og eigi síðar en 6. Mars um hugsanlegan fjölda.

## Æfingabúðir hjá Allan Busk í Álaborg

Allan Busk, fyrrverandi landsliðsþjálfri okkar í Kumite, stendur fyrir æfingabúðum í Álaborg helgina 12.-14. júní n.k. Nokkuð stór hópur hefur ákveðið að stefna á þessar æfingabúðir frekar en á mót og verður styrkjum háttað á sama máta og um mót væri að ræða. Nánari upplýsingar um æfingabúðirnar gefur Fylkiskempann Pétur Freyr, petur@hafnarfjordur.is

Með kveðju,  
Landsíðsnefnd

### 3. töl máí 2009

## Sænska Katapokalen:

Sænska Kata Pokalen mótið fór fram í Stokkhólmi sunnudaginn 22. Mars s.l. , og voru 10 keppendur frá Íslandi á meðal þátttakenda. Hópurinn stóð sig með miklum sóma og tók heim með sér þrenn silfurverðlaun og ein bronzverðlaun. Hekla, Þórshamri, vann til silfurverðlauna í flokki brúnbeltinga og náði þriðja sæti í hópkata ásamt Diljá, Þórshamri og Heiðu frá Karatefélagi Akraness. Heiðar úr Karatedeild Breiðabliks tók síðan annað sætið í flokki 13 ára pilta og einnig annað sæti í hópkata ásamt félögum sínum Davíð og Birki. Við óskum þeim til hamingju með árangurinn!



Hópurinn ásamt liðstjórunum, þeim Indriða og Jonna

## NM í Köben:

KAI sendi fríðan hóp keppenda á NM sem að þessu sinni var haldið í Kaupmannahöfn. Landslið Íslands skipuðu þau Andri Sveinsson, Ari Sverrisson, Kristján Ó Davíðsson og Arnór Ingi Sigurðsson sem kepptu í kumite og í kata kepptu þau Tómas Lee Róbertsson, Hekla Helgadóttir, Aðalheiður Harðardóttir og Kristján Helgi Carrasco.

Ekki náðum við í verðlaunasæti í þetta skiptið en keppendur stóðu sig allir með þrýði. Flestir liðsmenn voru að keppa í fyrsta sinn á Norðurlandamóti á erlendri grundu og Landsíðsnefnd er þess fullviss að þegar liðið okkar hefur öðlast meiri reynslu þá verðum við með keppendur á palli á NM.



Með hópnum á meðfylgjandi mynd eru Lars Henriksen landsliðsþjálfari í kata og Jón Ingi Þorvaldsson formaður Landsliðsnefndar. (á myndina vantar Andra, Ara og Tómas).

## **Krokoyama Cup, koblenz, Þýskalandi**

5 Keppendur frá Íslandi tóku þátt í feiknasterku móti í Koblenz, Þýskalandi, 18 apríl s.l. Um 850 keppendur frá fjölmörgum löndum á aldrinum 14-19 ára sýndu hvað í þeim býr í bæði Kata og Kumite. Keppendurnir okkar voru Blikarnir Ragnar, Arnar og Vilhjálmur, Telma Rut frá Aftureldingu og frá KFR hann Jovan. Jovan og Villi kepptu bæði í kata og kumite, en aðrir bara í kumite. Öll voru þau að gera virkilega góða hluti og uppskáru nokkra sigra. Það vantaði bara herslumuninn á að þau næðu lengra áfram í keppninni, en tvisvar tapaðist t.a.m bardagi á dómaraúrskurði eftir framlengingu. Dýrmæt reynsla í bankann hjá þessum ungu keppendum sem eiga framtíðina fyrir sér. Hópurinn lagði sig ekki síður fram í að taka upp efni í stutta mynd um ferðina sem þau eru að leggja lokahönd á og verður frumsýnd á næstu dögum.



Hópurinn á skemmtigöngu í Koblenz

## Samæfingar fram á haust:

Skólinn er nr. 1-2 og 3 í lokavikum annarinnar, og því höfum við ekki verið að merkja við mætingu á samæfingar í Maí þegar flestir iðkendur eru á fullu í próflestri, en samæfingarnar hafa samt verið samkvæmt áætlun. Í kumite verða svo vikulegar æfingar í júní, frí í júlí og svo allt á fullt strax eftir verslunamannahelgi. Fylgist með æfingaáætluninni. Við erum að vinna í að hafa eina æfingahelgi í júní (svipað og Akranes nú í vor) fyrir bæði kata og kumite og svo mun Sveinung væntanlega koma í ágúst og vera með okkur eina helgi. Lars er á förum til Danmerkur í lok Maí og er verið að vinna í því hvernig áframhaldið verði með katalandslið, en við erum að vonast til að geta haldið áfram með það með einum eða öðrum hætti í haust.

## Landslið:

Eins og fram hefur komið áður þá er stefnt að því að velja formlegt Landslið í bæði Kata og Kumite, unglinga og eldri í ágúst. Við höfum verið með ákveðna viðmiðun í gangi og verið að horfa á þá þætti samfara starfinu í vetur. Í ágúst munum við tilkynna val á landsliðum svo nú er um að gera að gefa ekkert eftir. Það á ekki að þurfa að taka það fram að mæting á samæfingar landsliðsnefndar er ein meginforsendan fyrir því að vera valin í landslið, en við tökum það nú samt fram enn einu sinni. Bendum einnig á að ef þú kemst ekki á æfingu vegna meiðsla, þá fæst engu að síður skráð mæting ef þú mætir og fylgist með æfingunni.

## Mót næsta haust:

Stefnt er á 2 erlend mót í haust. Annars vegar stefnum við með landsliðið á Copenhagen Open 3.-4. okt. (cadet, Junior og Senior) og svo er stefnt á mót í Stokkhólmi þann 31. okt-1. nóv. (Stockholm Open). Mótið í Stokkhólmi er með sama sniði og við flest þekkjum, og KAI styrkir þátttakendur eftir mætingahlutfalli á samæfingar en klúbbarnir sjá um sína keppendur. Í báðum tilfellum er um að ræða keppni í bæði kata og kumite. Nánar um það síðar.

## Æfingabúðir á Akranesi í júní

Helgina 13.-14. júní verða haldnar æfingabúðir á Akranesi með svipuðu sniði og í febrúar sl. Á laugardeginum verða tvær kumiteæfingar og ein kataæfing og á sunnudeginum verður ein æfing í kata og kumite. Þjálfarar verða Pétur, Jonni og Einar Hagen.

Með baráttukveðju  
Landsliðsnefndin

#### 4. tbl september 2009

### Landslið Íslands haustið 2009

Helgina 29.-30. ágúst s.l. fóru fram æfingabúðir Landsliðsnefndar í Kata og Kumite og í kjölfarið á þeim var tilkynnt um val á landsliði Íslands fyrir haustið 2009, en það er skipað eftirfarandi keppendum.

<p><b>A landslið:</b> Kumite:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Andri Sveinsson</li><li>- Ari Sverrisson</li><li>- Arnór Ingi Sigurðsson</li><li>- Ragnar Eyþórsson (Junior)</li><li>- Arnar Freyr Nikulásson (Junior)</li></ul> <p>Kata:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Hekla Helgadóttir</li><li>- Aðalheiður R. Harðardóttir (Junior)</li></ul>	<p><b>B landslið:</b> Kumite:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Kristján Ó Davíðsson</li><li>- Guðbjartur Ísak Ásgeirsson</li><li>- Elías Guðni Guðnason (Junior)</li><li>- Jóhannes Gauti Óttarsson (Junior)</li><li>- Telma Rut Frímansdóttir (Junior)</li></ul> <p>Kata:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Kristján Helgi Carrasco (Junior)</li><li>- Diljá Guðmundsdóttir (Junior)</li><li>- Birkir Indriðason (Cadet)</li></ul>
---	--



Hópurinn ásamt Jóni Inga Þorvaldssyni formanni landsliðsnefndar. Á myndina vantar Ara Sverrisson, Diljá Guðmundsdóttur og Birki Indriðason."

Við val á landsliði er aðallega horft til eftirfarandi þátta:

- Árangurs á landsmótum (Íslands, bikar og Grand Prix)
- Árangurs á mótum erlendis og styrkleika þeirra móta
- Fjölda erlendra móta sem keppandi hefur tekið þátt í (keppnisreynsla erlendis)
- Árangurs á þolprófi sem landsliðsnefnd stendur reglulega fyrir
- Mæting á samæfingar, framfarir, áhugi og metnaður

Það skiptir miklu máli að keppnisfólk okkar sýni metnað til að ná árangri til lengri tíma og einungis þeir sem hafa mætt vel á samæfingar landsliðsnefndar hafa kost á að komast í landslið. Við viljum sjá þá sem ætla sér að komast í A lið með a.m.k. 80% mætingu yfir síðasta ár og þá sem vilja komast í B lið með a.m.k. 60% mætingu á þessar æfingar. Jafnframt þarf landsliðsfólk að leggja fram ítarlega æfingaáætlun fyrir önnina.

Nú hefur þetta fyrsta val með "nýju" sniði farið fram og eflaust misjafnar skoðanir á því.

Þarna vantar klárlega nokkra iðkendir sem við teljum að eigi heima í landsliðinu en hafa einfaldlega ekki verið að mæta nægilega vel á æfingar. Við vonumst til að þeir spýti í lófana og keyri inní haustið af krafti. **Næsta val á landsliði mun fara fram í lok nóvember.**

## Æfingar Framundan

Nýtt æfingaplan er komið á upplýsingaskjal Landsliðsnefndar settu þetta nú inní calander. Það er mjög stíft program framundan hjá kumiteliði og er gerð krafa um að landsliðsfólk mæti á allar æfingar í æfingaplaninu. Það er sérstaklega merkt við þær æfingar sem gilda í mætingarprósentu og því mikilvægt að þeir sem hyggja á landsliðssæti að mæta ávallt á þær æfingar. Það eru þegar komnir inn nokkrar kataæfingar en þeim á vonandi eftir að fjölga og því mikilvægt að fylgjast vel með. Við munum tilkynna þessar breytingar á Facebook.



Það er afskaplega gaman á þessum æfingum:-)

## Copenhagen Open.

Fyrstu helgina í Október mun A-landslið Íslands keppa á Copenhagen Open. Mótið er firnasterkt og hafa fjölmargar þjóðir nú þegar staðfest þátttöku sína. Mótið er opið mót fyrir alla klúbba og ekkert því til fyrirstöðu að aðrir keppendur frá Íslandi taki þátt á eigin kostnað.

## Stockholm Open

Helgina 31. okt - 1. Nóv fer Stockholm Open fram í samnefndri borg. Keppt er bæði í kata og kumite fyrir alla aldurshópa. Börn og Cadet (14/15 ár) flokkar keppa á laugardeginum og Junior (16/17 ár) og Senior flokkar á sunnudeginum. A og B landslið mun keppa á þessu móti og fá styrk til þess. A lið mun fá 45.000 kr styrk, B lið 30.000 kr. Jafnframt styrkjum við þá sem hafa mætt yfir 40% á samæfingar þótt þeir tilheyri hvorki A né B Liði um 15.000 kr. Þetta er það sem við köllum klúbbamót, það er við reynum að fara öll saman sem hópur en félögin bera ábyrgð á sínum keppendum. Landsliðsnefnd mun sjá um skráningar á mótið sem og að útvega verð í flug og gistingu. Nú er flugið farið að hækka og **því þurfum við að vita fyrir 10 september ca. fjöldann sem hefur hug á að fara.** Þetta er ekki bindandi, en við verðum að hafa þessa tölu til að geta fengið bindandi tilboð í flug og gistingu. Sendið póst á eythorr@centrum.is til að gefa upp ca. fjölda frá ykkar félagi. Við erum að gera ráð fyrir að kostnaður verði á bilinu 60-70.000 kr.

## Vorið:

Á vorönn stefnum við á að fara á nokkur mót og er þá helst horft til: NM í Eistlandi, Sænska Katamótið (KataPokalen) og Krokoyama Cup í Koblenz, Þýskalandi. Hópurinn fyrir þau átök verður væntanlega valin síðustu helgina í Nóvember.

## Annað:

Landsliðsnefnd er með síðu á Facebook, við bendum öllum sem hafa áhuga á að fylgjast með landsliðsmálum í karate, hvort sem það eru keppendur, aðrir iðkendur, foreldrar, ömmur og afar osfrv. osfrv. að gerast meðlimir í þessum hóp. Þetta er upplýsingasíða landsliðsnefndar og því gerum við einfaldlega kröfu um að keppendur, þjálfarar or forráðamenn félaga séu meðlimir. Þarna eru send út boð á æfingar, breytingar osfrv. Eitthvað er komið inn af myndum þar og vonandi eitthvað meira framundan.

## MÓT Á ÁRINU 2009

### **Íslandsmeistaramót barna og unglunga í kata 2009.**

Íslandsmeistaramót barna og unglunga í kata 2009 var haldið í Smáranum, Dalvegi, Kópavogi sunnudaginn 15. febrúar og hófst kl. 10.00.

14. ÁRA OG ELDRI ÞURFTU AÐ KUNNA OG GERA AMK ÞRJÁR KATA BÆDI Í KATA OG HÓPKATA .



Vinningshafar úr yngri hluta mótsins.



Frá keppni í unglingahluta mótsins.

Heildarúrslit:



Einstaklings kata 8.ára og yngri

- 1) Una Mist Óðinsdóttir – Víkingur
- 2) Iðunn De Bustos – Víkingur
- 3) Óttar Finnsson – Fjölnir
- 3) Viktor Steinn Sighvatsson - Fjölnir

Einstaklings kata 9.ára

- 1) Emil Áki Ægisson – Víkingur
- 2) Eldey Álfrún Sævarsdóttir – UMFA
- 3) Róbert Aron Björnsson – Breiðablik
- 3) Atli James Justinsson – Víkingur

Einstaklings kata 10.ára

- 1) Lilja Vigdís Davíðsdóttir – Fylki
- 2) Hugi F.Álfgeirsson – UMFA
- 3) Drengur Kristjánsson – Fjölni
- 3) Þorvaldur S. Sigurðsson – Víkingur

Einstaklings kata 11.ára

- 1) Sigríður Þórdís Pétursdóttir – Fjölni
- 2) Anton Bjarki Pétursson – Fylkir
- 3) Dánaa Katrín Þorsteinsdóttir – Víkingur
- 3) Rúnar Hjaltason - Breiðablik

Hópkata -9.ára

- 1) Víkingur A (Emil, Iðunn, Una)
- 2) UMFA A (Eldey, Hrafnkell, Ingimundur)
- 3) Breiðablik B (Guðbjörg, Ólöf, Dánaa)
- 3) KAK (Elín, Ísabella, Gabríel)

Hópkata 10 – 11.ára

- 1) Víkingur A (Dánaa, Karen og Þorvaldur)
- 2) Fylkir C (Lilja, Edda og Starri)
- 3) Fjölnir B (Sindri, Axel og Viktor)
- 3) Fjölnir A (Drengur, Sigríður og Jóhann)

Kata stúlkur 12.ára

- 1) Unnur Lilja Þórðardóttir – Víkingur
- 2) Ísabella Montazeri – Víkingur
- 3) Hera Björg Jörgensdóttir – Breiðablik
- 3) Kristín Pétursdóttir – Breiðablik

Kata drengir 12.ára

- 1) Kristján Örn Kristjánsson – Fjölnir
- 2) Davíð Karlsson - Breiðablik
- 3) Þorarinn Jónsson - UMFA
- 3) Ólafur Árnason - Fylki

Kata stúlkur 13.ára

- 1) Helga Kristín Ingólfssdóttir – Fylki
- 2) Katrín Hrefna Demian – Víkingur
- 3) Ásgerður María Rivina – Þórshamar
- 3) Eva Fejrö Kjartansdóttir - KFR

Kata drengir 13.ára

- 1) Magnús Valur Willemsson – Fjölni
- 2) Harald Sigurvin Þorsteinsson – Víkingur
- 3) Karl Friðrik Schiöth – Breiðablik
- 3) Orri Hjörvarsson - Breiðablik

Kata stúlkur 14.ára

- 1) Nína Ingólfssdóttir – Víkingur
- 2) Valdís Vilmarsdóttir – Þórshamar
- 3) Nadía Eir Kristjánsdóttir – KFR
- 3) Bryndís Sæunn Gunnlaugsdóttir – Þórshamar

Kata drengir 14.ára

- 1) Vésteinn Þ. Ólafsson – KFR
- 2) Heiðar Benediktsson – Breiðablik
- 3) Jovan Kujundzic – KFR
- 3) Breki Blær Sigurgeirsson – KFR

Kata stúlkur 15.ára

- 1) Kristín Magnúsdóttir – Breiðablik
- 2) Auður ósk Einarsdóttir – Fjölnir
- 3) Svana Katla Þorsteinsdóttir – Breiðablik
- 3) Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir - KFR

Kata drengir 15.ára

- 1) Elías Guðni Guðnason – Fylki
- 2) Birkir Indriðason – Breiðablik
- 3) Skúli Þór Árnason – Breiðablik
- 3) Guðjón Trausti Skúlason – Breiðablik

Kata Stúlkur 16-17ára

- 1) Aðalheiður Rósa Harðardóttir – KAK
- 2) Dagný Björk Egilsdóttir – KAK
- 3) Diljá Guðmundsdóttir – Þórshamar
- 3) Hafdís Erla Harðardóttir- KAK

Kata Drengir 16-17.ára

- 1) Kristján Helgi Carrasco – UMFA
- 2) Snæbjörn Valur Ólafsson – KFR

## Karatesamband Íslands

- 3) Sverrir Magnússon – KFR
- 3) Snæbjörn Willemsson – Fjölnir

### Hópkata 12-13.ára

- 1) Víkingur B (Sindri, Askur, Ísabella)
- 2) Breiðablik A (Davíð, Leifur, Karl)
- 3) UMFA A (Einar, Jón, Þórarinn)
- 3) Fylkir A (Ernir, Aron, Ólafur)

### Hópkata 14 – 15.ára

- 1) Breiðablik A (Birkir, Svana, Kristín)
- 2) Víkingur A (Pétur, Nína, Einar)
- 3) Breiðablik C (Freysteinn, Magnús, Skúli)
- 3) Breiðablik B (Heiðar, Davíð, Gunnlaugur)

### Hópkata 16 – 17.ára

- 1) KAK (Aðalheiður, Dagný, Valgerður)
- 2) Þórshamar (Diljá, Árdís, Aron)
- 3) KFR (Sverrir, Heiðrún, Ingibjörg)

### Heildarstig Félaga

- 1) Víkingur = 45.stig
- 2) Breiðablik = 34.stig
- 3) Fjölnir = 19.stig
- 4) Fylkir = 18.stig
- 5-6) KAK = 14.stig
- 5-6) UMFA = 14.stig
- 7) KFR = 13.stig
- 8) Þórshamar = 9.stig

## **Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata 2009.**

Íslandsmeistaramót fullorðinna í kata 2009 var haldið í Íþróttahúsi Hagaskóla laugardaginn 28. mars og hófst kl. 10.00. Úrslit hófust kl. 13.30.

Hekla Helgadóttir, Þórshamri, varði Íslandsmeistaratitil sinn frá fyrra ári. Nýr Íslandsmeistari karla í kata var krýndur, Margeir Stefánsson, Þórshamri, en hann sigraði Pathipan Kristjánsson, Fjölni, Íslandsmeistara síðasta árs í úrslitum nú.

Kvennalið Þórshamars í hópkata varði einnig Íslandsmeistaratitil sinn frá fyrra ári, en það var skipað þeim Heklu Helgadóttur, Rögnu Kjartansdóttur og Sólveigu Kristu Einarsdóttur. Karlalið Þórshamars sigraði í hópkata karla en það var skipað þeim Margeiri Stefánssyni, Tómasi Lee Róbertssyni og Aroni þór Ragnarssyni.

Þórshamar varð sigurveigari í stigakeppni félaga með 22 stig. Í öðru sæti varð Karatefélgla Akraness með 10 stig og í því þriðja Karatefélgla Reykjavíkur með 4 stig.



Verðlaunahafar á ÍM Kata 2009.

Heildarúrslit:

Kata kvenna

1. Hekla Helgadóttir Þórshamar
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK
3. Hafdís Erla Helgadóttir KAK
3. Dagný Björk Egilsdóttir KAK

Kata karla

1. Margeir Stefánsson Þórshamar
2. Pathipan Kristjánsson Fjölur
3. Tómas Lee Róbertsson Þórshamar
3. Aron Þór Ragnarsson Þórshamar

Hópkata kvenna

1. Ragna, Sólveig og Hekla Þórshamar 1
2. Eydís, Aðalheiður og Dagný KAK 1
3. Diljá, Árdís og Elín Þórshamar 2
3. Bergþóra, Hafdís og Valgerður KAK 2

Hópkata karla

1. Tómas, Aron og Margeir Þórshamar
2. Goði, Sigurður og Snæbjörn KFR
3. Kristján, Pálmur og Guðbjartur Ísak Haukar

### **Norðurlandameistaramótið í Karate 2009.**

Norðurlandameistaramótið í karate 2009 var haldið í Kaupmannahöfn laugardaginn 18. apríl. Yfir 90 keppendur voru skráðir til leiks og voru 8 keppendur frá Íslandi.

Hekla Helgadóttir og Aðalheiður Harðardóttir kepptu í kata kvenna og Tómas Lee Róbertsson og Kristján Helgi Carrasco kepptu í kata karla.

Andri Sveinsson keppti í kumite í - 84 kg og opnum flokki og Ari Sverrisson keppti í -75 kg og opnum flokki. Arnór Ingi Sigurðsson keppti í -75 kg flokki og Kristján Davíðsson - 67 kg flokki í kumite. Þeir voru einnig allir í liði Ísland í liðakeppni í kumite.

Með í ferðinni var Jón Ingi Þorvaldsson, þjálfari. Reinharð Reinharðsson, Helgi Jóhannesson og Ólafur Helgi Hreinsson voru dómara fyrir Íslands hönd á mótinu.

## Karatesamband Íslands

Allir keppendur stóðu sig með sóma fyrir land og þjóð en ekki tókst að vinna til verðlauna að þessu sinni.

Úrslit á mótinu urðu:

Female Kumite Team  
Guld Danmark  
Sølv Sweden  
Bronze Finland

Male Kumite Team  
Guld Sweden  
Sølv Denmark  
Bronze Norway  
Bronze Estonia

Male Kata Team  
Guld Denmark  
Sølv Sweden

Female Kata  
Guld Varaporn Poorisrisak Denmark  
Sølv Karin Hagglund Sweden  
Bronze Pernille Hansen Denmark  
Bronze Micaela Bystrom Sweden

Male Kata  
Guld Pasi Hirvonen Finland  
Sølv Andreas Antniou Finland  
Bronze Bo Lillegren Denmark  
Bronze Matias Matti Sweden

Female Kumite -50 kg.  
Guld Karen Pacull Sweden  
Sølv Sunita Memetovic Sweden

Female Kumite -55 kg.  
Guld Gülsah Akdag Sweden  
Sølv Afsane Farzan Sweden  
Bronze Sade Maria Pirttinen Finland

Female Kumite -61 kg.  
Guld Mathilde Klint Denmark  
Sølv Louise Fensholdt Denmark  
Bronze Ahlam Mourad Sweden

Female Kumite -68 kg.  
Guld Joanna Stassos Sweden  
Sølv Laura Wood Finland  
Bronze Kirstine Lind Denmark  
Bronze Charlotte Foged Denmark

Female Kumite +68 kg.  
Guld Tina Jacoby Denmark  
Sølv Elin Andersson Sweden

Male Kumite -60 kg.  
Guld Casper Lidegaard Denmark  
Sølv Andres Lindeberg Sweden

## Karatesamband Íslands

Male Kumite -67 kg.  
Guld Dmitri Teplohh Estonia  
Sølv Amid Magerramov Estonia  
Bronze Lauri Pasanen Finland  
Bronze Peter Jumrukovski Sweden

Male Kumite -75 kg.  
Guld Kalate Akolor Sweden  
Sølv Sadik Sadik Sweden  
Bronze Nouredine Bouloum Denmark  
Bronze Jarno Heino Finland

Male Kumite -84 kg.  
Guld Daniel Poulsen Denmark  
Sølv Waltteri Salmi Finland  
Bronze Christian Koivumaa Sweden  
Bronze Jan Ove Brynie Norway

Male Kumite +84 kg.  
Guld Philip Carlsen Denmark  
Sølv Aleksander Subosic Sweden  
Bronze Lauri Mengel Estonia  
Bronze Alexander Gomez Sweden

### **GrandPrix mót KAÍ 2008-2009.**

3. GrandPrix mót KAÍ 2008-2009 fór fram í Íþróttahúsinu Grafarvogi laugardaginn 2. maí. Mótið hófst kl. 12.00 og lauk um kl. 15.30. Um 50 keppendur tóku þátt í þessu þriðja og síðasta móti í röðinni. Verðlaunaafhendingin var um kvöldið í sal í Egilshöllinni og hófst kl. 20.00. Veitt voru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hverjum flokki samkvæmt stigum sem keppendur hafa unnið sér inn á mótunum þremur. Fyrir 2. og 3. sæti var veittur verðlaunapeningur en sigurveigari hvers flokks fékk minjagrip og karatevörur frá Bushido.is.

Tveir keppendur urðu tvöfaldir GrandPrix meistarar í sínum flokkum, Helga Kristín Ingólfssdóttir, Fylki og Kristján Helgi Carrasco, Aftureldingu.



Vinningshafarnir í samanlögðum stigum eftir þrjú mót.

Sigurveigarar í einstökum flokkum eru:

Kata barna fædd 1996: Helga Kristín Ingólfssdóttir, Fylkir, 28 stig  
Kata barna fædd 1995: Davíð Freyr Guðjónsson, Breiðablik, 26 stig  
Kata barna fædd 1994: Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik, 30 stig  
Kata tánínga fædd 1993: Kristján Helgi Carrasco, Afturelding, 26 stig  
Kata kadet fædd 1992-1991: Hekla Helgadóttir, Þórshamar, 30 stig

Kumite drengja fæddir 1995-1996 léttari: Sindri Pétursson, Víkingur, 28 stig  
Kumite drengja fæddir 1995-1996 þyngri: Jovan Kujundzig, KFR og Jónas Ingi Thorarensen,

## Karatesamband Íslands

Þórshamar, 26 stig

Kumite drengja fæddir 1993-1994 léttari: Kristján Helgi Carrasco, Afturelding, 26 stig

Kumite drengja fæddir 1993-1994 þyngri: Elías Snorrason, KFR, 23 stig

Kumite kadet pílta fæddir 1991-1992: Arnór Ingi Sigurðsson, Haukar, 28 stig

Kumite stúlkna fæddar 1995-1996: Helga Kristin Ingólfssdóttir, Fylkir, 28 stig

Kumite stúlkna fæddar 1993-1994: Gunnhildur Hjördís Grétarsdóttir, Fylkir, 26 stig

Kumite kadet stúlkna fæddar: 1991-1992: Telma Rut Frímansdóttir, Afturelding, 30 stig

### ***Bikarmót KAÍ 2008-2009.***

3. Bikarmót KAÍ 2008-2009 fór fram í Íþróttahúsinu Grafarvogi laugardaginn 2. maí. Hekla Helgadóttir, Þórshamri, varði titillinn frá fyrra ári en nýr bikarmeistari karla varð Margeir Stefánsson, Þórshamri.



Margeir og Hekla með verðlaunin.

Staða efstu keppenda eftir þrjú mót:

Konur:

Hekla Helgadóttir, Þórshamar, 46 stig

Telma Rut Frímansdóttir, Afturelding, 40 stig

Kristen Ashley Sindradóttir, Þórshamar, 16 stig

Karlar:

Margeir Stefánsson, Þórshamar, 26 stig  
Arnór Ingi Sigurðsson, Haukar, 24 stig  
Diego Björn Valencia, Víkingur, 20 stig

### **Íslandsmeistaramót unglunga í kumite 2009.**

Sunnudaginn 11. október fór fram Íslandsmeistaramót unglunga í kumite 2009 í Fylkishöllinni, Árbæ.  
Mótið hófst kl. 10.00 og lauk um kl. 14.30.

Karatedeild Fylkis varð félagsmeistari með 16 stig. Yfirdómari á mótinu var Helgi Jóhannesson.



Vinningshafarnir að loknu móti.

Úrslit urðu:

Drengir 12 ára

1. Einar Karl Jónsson Afturelding
2. Þórarinn Jónsson Afturelding
3. Haraldur Matej Runólfsson Víkingur
3. Kristján Örn Kristjánsson Fjölnir

Drengir 13 ára

1. Jónas Ingi Thorarensen Kristj. Þórshamar
2. Jón Víðir Þorvaldsson Víkingur
3. Harald Sigurvin Þorsteinsson Víkingur
3. Sindri Pétursson Víkingur

Piltar 14 -15.ára -63.kg

1. Heiðar Benediktsson Breiðablik
2. Elías Guðni Guðnason Fylkir
3. Davíð Freyr Guðjónsson Breiðablik

Piltar 14-15 ára +63kg

1. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylkir
2. Pétur Rafn Bryde Víkingur
3. Jovan Kujundzic KFR

Piltar 16-17 ára -68kg

1. Kristján Helgi Carrasco Aftrelding
2. Jónas Atli Gunnarsson Fylkir
3. Elías Snorrason KFR



## Karatesamband Íslands

Piltar 16-17.ára +68kg

1. Eggert Ólafur Árnason Fylkir
2. Bergþór Víkar Geirsson Fylkir
3. Snæbjörn Valur Ólafsson KFR

Telpur 12-13 ára

1. Helga Kristín Ingólfssdóttir Fylkir
2. Katrín Hrefna Demían Víkingur
3. Unnur Lilja Þórðardóttir Víkingur

Stúlkur 14-15 ára

1. Nína Ingólfssdóttir Víkingur
2. Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir KFR
3. Auður Ósk Einarsdóttir Fjölnir

Stúlkur 16-17 ára

1. Telma Rut Frímansdóttir Afturelding
2. Aðalheiður Rósa Harðard. KAK
3. Jóhanna Brynjarsdóttir Fylkir
4. Þórunn Anna Orradóttir Afturelding

Heildarstig félaga:

1. Fylkir 16
2. Víkingur 13
3. Afturelding 12
- 4-5. KFR 4
- 4-5. Breiðablik 4
6. Þórshamar 3
- 7-8. KAK 2
- 7-8. Fjölnir 2

### **Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite 2009.**

Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite 2009 var haldið laugardaginn 7. nóvember í Íþróttahúsi Breiðabliks, Smáranum, Kópavogi og hófst kl. 13.00. Úrslit hófust kl. 16.00. Um 25 keppendur tóku þátt. Víkingur varð meistari félaga með 20 stig. Helgi Jóhannesson var yfirdómari á mótinu.



Verðlaunahafar í lok móts.

Úrslit urðu:

## Karatesamband Íslands

### Karlar -67 kg

1. Kristján Ó. Davíðsson Haukar
2. Elías Snorrason KFR
3. Pathipan Kristjánsson Fjölur
3. Ragnar Eypórsson Breiðablik

### Karlar - 84 kg

1. Arnór Ingi Sigurðsson Haukar
2. Goði Ómarsson KFR
3. Bergþór Víkar Geirsson Fylkir
3. Andri Valur Gudjhonsen Víkingur

### Karlar +84 kg

1. Diego Björn Valencia Víkingur
2. Brynjar Aðalsteinsson Þórshamar
3. Daníel Sigurðsson Víkingur

### Karlar Opinn flokkur

1. Diego Björn Valencia Víkingur
2. Arnór Ingi Sigurðsson Haukar
3. Kristján Ó. Davíðsson Haukar
3. Andri Valur Gudjhonsen Víkingur

### Liðakeppni karla

1. Víkingur
2. Haukar

### Konur -61 kg

1. Jóhanna Brynjarsdóttir Fylkir
2. Telma Frimansdóttir Afturelding
3. Hekla Helgadóttir Þórshamar

### Konur +61 kg

1. Helena Montazeri Víkingur
2. Karen Lind Gunnarsdóttir Fylkir
3. Sigrún Þóra Sveinsdóttir Þórshamar

### Konur Opinn flokkur

1. Hekla Helgadóttir Þórshamar
2. Helena Montazeri Víkingur
3. Sigrún Þóra Sveinsdóttir Þórshamar

### Heildarstig félaga Stig alls

Víkingur 20

Haukar 13

Þórshamar 8

Fylkir 6

KFR 4

UMFA 2

Breiðablik 1

Fjölur 1

## **1. GrandPrix mót KAÍ 2009-2010.**

Sunnudaginn 15. nóvember fór fram fyrst GrandPrix mót KAÍ 2009-2010 fyrir keppendur 12 - 17 ára. Mótið fór fram að Varmá, Mosfellsbæ, og hófst kl. 12.00.

Úrslit urðu:

## Karatesamband Íslands

### Kata 12 ára barna fædd 1997 Stig

1. Kristján Örn Kristjánsson Fjölnir 10
2. Alexander Leonard Vidal Fjölnir 8
3. Isabella Montazeri Víkingur 6
3. Davíð Karlsson Breiðablik 6
- 5.-6. Haraldur Matej Runólfsson Víkingur 3
- 5.-6. Ólafur Knudsen Wallevik Þórshamar 3
- 7.-8. Breki Guðmundsson Þórshamar 1
- 7.-8. Knútur Knudsen Wallevik Þórshamar 1

### Kata 13 ára táninga fædd 1996

1. Harald Sigurvin Þorsteinsson Víkingur 10
2. Magnús Valur Willemsson Fjölnir 8
3. Agnar Þór Óskarsson Berglund Þórshamar 6
3. Jónas Ingi Thorarensen Kristjánsson Þórshamar 6
- 5.-6. Karl Friðrik Shiöth Breiðablik 3
- 5.-6. Sverrir Ólafur Torfason Víkingur 3
7. Sindri Pétursson Víkingur 1

### Kata 14 ára táninga fædd 1995

1. Heiðar Benediktsson Breiðablik 10
2. Kormákur Gunnarsson Þórshamar 8
3. Nína Ingolfsdóttir Víkingur 6
4. Bryndís S. Gunnlaugsdóttir Þórshamar 5
5. Valdís Vilmarsdóttir Þórshamar 3

### Kata 15 ára táninga fædd 1994

1. Birkir Indriðason Breiðablik 10
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 8
3. Svana Katla Þorsteinsdóttir Breiðablik 6

### Kata kadetta 16-17 ára fædd 1992 - 1993

1. Kristján Helgi Carrasco Afturelding 10
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK 8
3. Diljá Guðmundsdóttir Þórshamar 6
3. Snæbjörn Willemsson Fjölnir 6
- 5.-6. Elías Snorrason KFR 3
- 5.-6. Hörður Ingi Árnason Fjölnir 3
7. Hafdís Erla Helgadóttir KAK 1

### Kumite drengja 12-13 ára f. 1996-97 léttari

1. Sindri Pétursson Víkingur 10
2. Sæmundur Ragnarsson Þórshamar 8
3. Þórarinn Jónsson Áfturelding 6
3. Haraldur Matej Runólfsson Víkingur 6
- 5.-6. Leifur Pálsson Breiðablik 3
- 5.-6. Kristján Örn Kristjánsson Fjölnir 3
7. Karl Friðrik Schiöth Breiðablik 1

### Kumite drengja 12-13 ára f. 1996-97 þyngri

1. Magnús Valur Willemsson Fjölnir 10
2. Ólafur Engilbert Árnason Fylkir 8
3. Jónas Ingi Th. Kristjánsson Þórshamar 6
3. Askur Tómas Óðinsson Víkingur 6
- 5.-6. Agnar Þór Óskarsson Þórshamar 3
- 5.-6. Tryggvi Þór Árnason Fjölnir 3

### Kumite pilta 14-15 ára f. 1994-95

1. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylkir 10

## Karatesamband Íslands

2. Pétur Rafn Bryde Víkingur 8
3. Heiðar Benediktsson Breiðablik 6
4. Elias Guðni Guðnason Fylkir 5
5. Andri Már Helgason Fylkir 3

Kumite pilta (kadett) 16 og 17 ára fæddir 1992 - 1993

1. Jónas Atli Gunnarsson Fylkir 10
2. Hjálmar Jensen Fylkir 8
3. Elías Snorrason KFR 6
4. Bergþór Víkar Geirsson Fylkir 6
- 5.-6. Hörður Ingi Árnason Fjölnir 3
- 5.-6. Sverrir Magnusson KFR 3

Kumite telpna 12 og 13 ára fæddar 1996 - 1997

1. Helga Kristín Ingólfssdóttir Fylkir 10
2. Unnur Lilja Þórðardóttir Víkingur 8

Kumite stúlkna 14 og 15 ára fæddar 1994 - 1995

1. Nína Ingólfssdóttir Víkingur 10
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik 8
3. Nadía Eir Kristinsdóttir Víkingur 6

Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára fæddar 1992 - 1993

1. Telma Rut Frímansdóttir Afturelding 10
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK 8
3. Þórunn Orradóttir Afturelding 6
3. Valgerður Jóna Jóhannsdóttir KAK 6
5. Diljá Guðmundsdóttir Þórshamar 3

### **1. Bikarmót KAÍ 2009-2010.**

Sunnudaginn 15.nóvember fór fram 1. Bikarmót KAÍ 2009-2010. Mótið var haldið að Varmá, Mosefellsbæ, og hófst kl.10. 18 keppendur tóku þátt í mótinu.

Úrslit urðu:

Kata Konur Stig

1. Hekla Helgadóttir Þórshamar 10
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK 6
3. Diljá Guðmundsdóttir Þórshamar 4
3. Telma Rut Frímansdóttir Afturelding 4
5. Hafdís Erla Helgadóttir KAK

Kata Karlar

1. Kristján Helgi Carrasco Afturelding 10
2. Elías Snorrason KFR 6
3. Kristján Ó. Davíðsson Haukar 4
4. Vilhjálmur Þór Þóruson Breiðablik 4

Kumite konur opin

1. Telma Rut Frímansdóttir Afturelding 10
2. Aðalheiður Rósa Harðardóttir KAK 6
3. Hekla Helgadóttir Þórshamar 4
3. Karen Lind Gunnarsdóttir Fylkir 4
- 5.-6. Diljá Guðmundsdóttir Þórshamar
- 5.-6. Geirrún Tómasdóttir Breiðablik
- 7.-8. Helelna Montazeri Víkingur
- 7.-8. Kristín Þorsteinsdóttir Víkingur

Kumite Karlar opin

1. Arnór Ingi Sigurðsson Haukar 10

2. Diego Björn Valencia Víkingur 6
3. Kristján Ó Davíðsson Haukar 4
4. Daníel Sigurðsson Víkingur 4
- 5.-6. Brynjar Aðalsteinsson Þórshamar

## KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.

Öll dómara réttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ.

### Dómarar með kumite réttindi

Nafn	Gráða	Félag	Réttindi	Dags tekin / endurnýjuð
Helgi Jóhannesson	4. Dan	Breiðablik	<b>EKF Referee-B</b>	05.2009
Gunnlaugur Sigurðsson	3. Dan	Haukar	<b>EKF Judge-B</b>	06.2008
Jón Ingi Þorvaldsson	3. Dan	Þórshamar	<b>A - dómari</b>	10.2009
Reinharð Reinharðsson	2. Dan	KFR	<b>A - dómari</b>	10.2009
Kristján Gaukur Kristjánsson	1. kyu	Fjölnir	<b>A - dómari</b>	03.2008
Willem Cornelis Verheul	1. Dan	Fjölnir	<b>B - dómari</b>	10.2009
Ólafur Helgi Hreinsson	3. Dan	KFR	<b>A - meðdómari</b>	11.2009
Jón Andri Sigurðsson	1. Dan	Breiðablik	<b>A - meðdómari</b>	10.2009
Sigurbjörn Jónsson	1. Dan	Haukar	<b>A - meðdómari</b>	10.2009
Pétur Freyr Ragnarsson	1. Dan	Fylkir	<b>A - meðdómari</b>	10.2009
Eyþór Ragnarsson	1. Dan	Breiðablik	<b>B - meðdómari</b>	10.2009
Magnús Kr. Eyjólfsson	2. Dan	Breiðablik	<b>B - meðdómari</b>	10.2009
Ágústa R. Andrésdóttir	1. kyu	KAK	<b>B - meðdómari</b>	10.2009
Guðni Már Elíasson	1. kyu	Fylkir	<b>B - meðdómari</b>	10.2009
Ásgeir H. Ásgeirsson	2. kyu	Haukar	<b>B - meðdómari</b>	03.2008
Birkir Jónsson	2. Dan	Þórshamar	<b>B - meðdómari</b>	03.2008
Eva Lind Ágústsdóttir	1. kyu	Haukar	<b>B - meðdómari</b>	03.2008
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson	2. Dan	Haukar	<b>B - meðdómari</b>	03.2008
Kristján Ó. Davíðsson	2. Dan	Haukar	<b>B - meðdómari</b>	03.2008
Pálmar Dan Einarsson	1. Dan	Haukar	<b>B - meðdómari</b>	03.2008
Magnús Blöndal	1. Dan	Þórshamar	<b>B - meðdómari</b>	05.2007

Karatesamband Íslands

Birgir Páll Hjartarson	1. kyu	Breiðablik	<b>B - meðdómari</b>	05.2007
Sigríður Björnsdóttir	2. kyu	Haukar	<b>B - meðdómari</b>	05.2007
Tómas Árnason	1. Dan	KAK	<b>B - meðdómari</b>	05.2007
<b>Dómarar með kata réttindi</b>				
<b>Nafn</b>	<b>Gráða</b>	<b>Félag</b>	<b>Réttindi</b>	<b>Dags tekin / endurnýjuð</b>
Gunnlaugur Sigurðsson	3. Dan	Haukar	<b>EKF Judge-A</b>	06.2008
Helgi Jóhannesson	4. Dan	Breiðablik	<b>EKF Judge-B</b>	05.2007
Jón Andri Sigurðsson	1. Dan	Breiðablik	<b>A-dómari</b>	05.2009
Eyþór Ragnarsson	1. Dan	Breiðablik	<b>A-dómari</b>	05.2009
Pétur Freyr Ragnarsson	1. Dan	Fylkir	<b>A-dómari</b>	05.2009
Willem Cornelis Verheul	1. Dan	Fjölnir	<b>A-dómari</b>	05.2009
Magnús Kr. Eyjólfsson	2. Dan	Breiðablik	<b>A-dómari</b>	12.2008
Sigurbjörn Jónsson	1. Dan	Haukar	<b>A-dómari</b>	11.2008
Reinharð Reinharðsson	2. Dan	KFR	<b>A-dómari</b>	03.2007
Ágústa R. Andrésdóttir	1. kyu	KAK	<b>B-dómari</b>	11.2008
Matthías B. Matthíasson	3. Dan	KFR	<b>B-dómari</b>	11.2008
Birgir Páll Hjartarson	1. kyu	Breiðablik	<b>B-dómari</b>	03.2007
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson	2. Dan	Haukar	<b>B-dómari</b>	03.2007
Kristján Gaukur Kristjánsson	1. kyu	Fjölnir	<b>B-dómari</b>	03.2007
Kristján Ó. Davíðsson	2. Dan	Haukar	<b>B-dómari</b>	03.2007

## LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).
2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna vébanda.
3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:
  - a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
  - b) Að vinna að eflingu karateíþróttarinnar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.
4. gr. Málefnum KAÍ stjórna:
  - a) Karateþing.
  - b) Stjórn KAÍ.
5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélögum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendur, en síðan 1 fulltúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendur fá 2 fulltrúa á ársþingi ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate sé sannanlega iðkað í félaginu, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni. Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð. Karateþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað.
6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
  - a. Stjórn KAÍ, varastjórn og skoðunarmenn reikninga.
  - b. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
  - c. Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.
  - d. Fulltrúar karatedómarafélaga.
  - e. Allir nefndarmenn KAÍ.
  - f. Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið, eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

## Karatesamband Íslands

Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

7. gr. Aukaping má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarfrestur til aukapings skal vera 2 vikur. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.

8. gr. Störf karateþings eru:

1. Þingsetning.
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
3. Kosnar fastar nefndir:

- a. Kjörbréfanefnd.
- b. Fjárlaganefnd.
- c. Laga- og leikreglnanefnd.
- d. Allsherjarnefnd.
- e. Kjörnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.

- Þ I N G H L É -

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
11. Önnur mál.
12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.
13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
14. Val fulltrúa á Íþróttaping.
15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Ársskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:



## Karatesamband Íslands

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:
  - a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
  - b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
  - c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
  - d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
  - e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
  - f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
  - g) Að raða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stjórnir sérráða (héraðsstjórna) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
  - h) Að úthluta þeim styrkjum til karate sem KAÍ fær til umráða.
  - i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateþróttarinnar í landinu.
  - j) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.
11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfund og stjórnar þeim.
12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).
13. gr. Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.
14. gr. Kærur skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærán ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.
15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.
16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálstan aðgang að öllum karatemótum og sýningum sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband sem eru aðilar að sambandinu.
17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu karateþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.
18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.  
Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985 er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfundum ÍSÍ.

## REGLUGERÐIR

### **REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.**

#### **Almennar reglur.**

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglunga og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.
2. gr. Íslandsmeistaramót unglunga í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Íslandsmeistaramót barna í Kata skal haldið í janúar eða febrúar ár hvert, þó ekki síðar en 2 vikum fyrir Íslandsmeistaramót unglunga í Kata. Íslandsmeistaramót unglunga í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata skal haldið í mars ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þátttökugjald. Þátttökutilkynningar skulu berast frá félögunum eigi síðar en 5 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þátttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.
4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.
5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en fjórir í einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

#### **Starfsfólk.**

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í kata skulu vera 3 eða 5 dómarar, en 4 dómarar í kumite. Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skal tilnefna yfirdómara og mótsstjóra. Þeir sjá um að framkvæmd móts gangi hratt og vel fyrir sig. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þátttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á Íslandsmeistaramótum barna- og unglunga skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 15. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðsstjóra eða tilnefna dómara. Keppendur á Íslandsmeistaramótum barna- og unglunga skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni

## Karatesamband Íslands

hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé Íslandsmeistaramót barna eða unglinga mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta.

### Keppnin.

7. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara og skipar þá í stöður, samræmir einkunnagjöf og gefur mönnum kost á að koma með spurningar.
8. gr. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata kvenna.
2. Kata karla.
3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -61 kg.
2. Kumite kvenna, +61 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -60 kg.
5. Kumite karla, -67 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -84 kg.
8. Kumite karla, +84 kg.
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pilta 14 og 15 ára -63 kg\*.
4. Kumite pilta 14 og 15 ára +63 kg\*.
5. Kumite pilta 16 og 17 ára -68 kg\*.
6. Kumite pilta 16 og 17 ára +68 kg\*.
7. Kumite telpna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54 kg\*.
9. Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54 kg\*.
10. Kumite stúlkna 16 og 17 ára -59 kg\*.
11. Kumite stúlkna 16 og 17 ára +59 kg\*.

\* ef fjöldi keppenda leyfir skiptingu.

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata stúlkur 12 ára.
2. Kata stúlkur 13 ára.
3. Kata stúlkur 14 ára.

## Karatesamband Íslands

4. Kata stúlkur 15 ára.
5. Kata stúlkur 16 og 17 ára.
6. Kata piltar 12 ára.
7. Kata piltar 13 ára.
8. Kata piltar 14 ára.
9. Kata piltar 15 ára.
10. Kata piltar 16 og 17 ára.
11. Hópkata táninga 12 og 13 ára.
12. Hópkata táninga 14 og 15 ára.
13. Hópkata táninga 16 og 17 ára.

Á Íslandsmeistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 8 ára og yngri.
2. Kata barna 9 ára.
3. Kata barna 10 ára.
4. Kata krakka 11 ára.
5. Hópkata krakka 9 ára og yngri.
6. Hópkata krakka 10 ára og 11 ára.

Á Íslandsmeistaramótum barna og unglunga skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 11 ára og yngri en unglíngamótið í fyrir 12 til 17 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og í liðakeppni í kumite, miða skal við fæðingarár.

9. gr. Íslandsmeistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvönn bronsverðlaun fyrir 3-4 sæti. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar, sem viðkomandi félag hlýtur til eignar eftir að hafa unnið hann fimm sinnum í röð eða átta sinnum alls. Á Íslandsmeistaramótum barna og unglunga skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.
10. gr. Á Íslandsmeistaramótum fullorðinna í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Sjá [viðauka yfir kata](#) viðurkenndar af KAÍ. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Ef keppendur fylla ekki heila umferð skal hún vera undanumferð og má þá endurtaka kata úr þeirri umferð í seinni umferðum. Á Íslandsmeistaramóti unglunga í kata skal í flokki kadetta (14-15 ára) og juniora (16-17 ára) sýna 3 mismunandi kata. Endurtaka má þær aftur ef fjöldi umferða kallar á það en þó verður að sýna nýja kata í hverri umferð. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Dómarar í úrslitum skulu ávallt vera fimm og helst einn úr hverju af stærstu félögunum, en þó hið minnsta einn frá hverri stíltegund. Reglur um réttindi dómara geta þó leitt til annars. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.
11. gr. Á kumitemótunum skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í

## Karatesamband Íslands

mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír, skulu þó allir keppa við alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem síðast töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.

12. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

### **Kærur, fundir, úrslit & skýrslur.**

13. gr. Mótanefnd skal sjá um að áánlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.
14. gr. Kærur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kærur skulu vera skriflegar. Kærur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kæranda skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstaða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kæránlegar til viðkomandi héraðsdómstóls í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstöðu mótanefndar.
15. gr. Ef þátttökutilkynningar eða breytingar á þeim berast eftir að frestur er útrunninn skal litið á þær tilkynningar sem kærur. Mótanefnd er heimilt í úrskurðum sínum að sekta viðkomandi félag og setja greiðslu hennar sem skilyrði fyrir því að kæra sé tekin til greina. Þá er mótanefnd heimilt að sekta þau félög sem ekki senda starfsmenn, dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samanlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félaginu. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu mót ef sektin er eigi greidd áður.
16. gr. Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan 14 daga frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.
17. gr. Ekki má mótmæla dómi við dómara. Ef dómara gjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða liðstjóri keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómara nefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.
18. gr. Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti. Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

## Karatesamband Íslands

19. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.
20. gr. Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

### Félagaskipti.

21. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagans/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um þátttakendur á mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

### Réttindi karatedómara.

22. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Nefndin skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framur þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.

Síðast breytt á 21. Karateþingi 9. febrúar 2008.

## **REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Bikarmótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í tveimur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og opnum flokki karla og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar.
2. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 6 stig fyrir annað sæti og 4 stig fyrir tvö þriðjasæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Hægt er að keppa bæði í kata og kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.
3. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.
4. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

Samþykkt á 22. Karateþingi 14. febrúar 2009

## **REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Árlega skal halda Grand Prix mót KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Grand Prix mótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglunga 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár í upphafi keppnistímabils.
  2. gr. Á Grand Prix móti í Karate skal keppt í eftirfarandi greinum:
    1. Kumite drengja 12 ára.
    2. Kumite drengja 13 ára.
    3. Kumite pílta 14 ára.
    4. Kumite pílta 15 ára.
    5. Kumite pílta (kadett) 16 og 17 ára.
    6. Kumite telpna 12 og 13 ára.
    7. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
    8. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
    9. Kata barna 12 ára.
    10. Kata táninga 13 ára.
    11. Kata táninga 14 ára.
    12. Kata táninga 15 ára.
    13. Kata kadetta 16 og 17 ára.
  3. gr. Skrá og greiða þarf þátttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaraðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaraðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir mót og skal skrá fæðingarár, gráðu, þyngd og hæð. Mótanefndin getur skipt upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokka innan t.d. tveggja ára.
  4. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti, 5 stig fyrir fjórða sæti, 3 stig fyrir fimmta og sjötta sæti, 1 stig fyrir sjöunda og áttunda sæti. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigrður frá móti. Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppinnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.
  5. gr. Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakramóta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
  6. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.
  7. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.
- Samþykkt á 22. Ársþingi KAÍ 14. febrúar 2009



## **REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Aganefnd skipa 5 menn kosnir af karateþingi til eins árs í senn og 3 til vara.
2. gr. Verkefni aganefndar er að úrskurða um kærur sem berast skriflega og þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um karatemót, bæði mót sem mótanefnd KAÍ skipuleggur og önnur mót sem félög og sambönd innan KAÍ standa fyrir. Aganefnd getur einnig tekið upp mál sem hún telur heyra undir verksvið sitt. Kærur skulu hafa borist innan 14 daga frá umræddu broti annars telst það fyrnt.
3. gr. Aganefnd ber að halda fund innan 2 vikna frá því að kæra berst með sannarlegum hætti til formanns nefndarinnar. Birta skal úrskurð nefndarinnar innan 1 mánaðar frá því að kæra berst formanni nefndarinnar.
4. gr. Úrskurður aganefndar getur fjallað um brot leikmanna, félaga, forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.
5. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða leikbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls Íþrótt- og Ólympíusamtaka Íslands.
6. gr. Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef sérstök ástæða er til.
7. gr. Brot leikmanna flokkast sem hér segir:
  - 7.1 Óþrúðmannleg hegðun á karatemóti.
  - 7.2 Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli karate.
  - 7.3 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óþrúðmannlega hegðun.
  - 7.4 Að yfirgefa keppnisvöll um stund eða lengur án þess að hafa gildar ástæður.
  - 7.5 Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.
8. gr. Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig:
  - 8.1 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 7.1 - 7.4 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 7.1 - 7.4 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.
  - 8.2 Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 7.1 - 7.4 getur aganefnd refsað honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma.
  - 8.3 Ef dómaranefnd hefur vikið leikmanni af keppnisvelli fyrir brot á atriði 7.5 skal honum refsað með leikbanni um lengri tíma. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.
  - 8.4 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.
9. gr. Brot félagsliða (eða sveita):

Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.

Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum

## Karatesamband Íslands

liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).

10. gr Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

Samþykkt á 22. ársþingi KAÍ 14. febrúar 2009

## REGLUR UM KARATEDÓMARA.

### Almennar reglur.

1. gr.	<p>Dómaranefnd skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framur þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.</p>
2. gr.	<p>Til að öðlast réttindi sem Karatedómari þarf viðkomandi að hafa 1. Dan gráðu eða hærri og að vera orðinn 22 ára og ekki eldri en 65 ára. Dómari í kata og kumite þarf að vera með 1. kyu gráðu eða hærri og orðinn 18 ára. Meðdómari í kata og kumite þarf að vera með 3. kyu gráðu eða hærri og orðinn 16 ára.</p>
3. gr.	<p>Öll dómararéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ. Dómarar þurfa að dæma minnst tvisvar á ári og meðdómara einu sinni á ári til að halda kata og kumite réttindum sínum. Dómarnefnd má uppfæra réttindi úr B í A án þess viðkomandi farið í nýtt próf ef hann hefur dæmt reglulega og staðið sig á A-stigi. Til að standast skriflegt próf þarf yfir 90% rétt svör til að ná dómararéttindum og yfir 80% rétt svör til að ná meðdómararéttindum. Einnig þarf að standast verklegt próf að mati dómaranefndar. Kata-dómari þarf einnig að kunna eina Shitei kata úr sínum stíl og eina Shitei og grunnkata úr öðrum stíl. Kata-meðdómari þarf að kunna Shitei kata úr sínum stíl og eina grunnkata úr öðrum stíl.</p>
	<p>Samþykkt af stjórn KAÍ 25. mars 2009</p>

## **REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
2. gr. Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
3. gr. Formlegan fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.

Samþykkt á 20. ársþingi KAÍ 3. febrúar 2007

## **VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ**

Greitt fyrir keppnisdýnur sem eru á staðnum:	10.000 kr
Greitt fyrir keppnisdýnur sem þarf að flytja á mót:	15.000 kr auk flutningskostnaðar
Lán á keppnisklukkum, flöggum, hlífum osfrv.:	0 kr
Lán á sjúkratösku:	Ekki lánuð
<b>Mótagjöld veturinn 2009 - 2010</b>	<b>Einstakl. - Lið</b>
ÍM Barna	1.000 kr - 2.000 kr
ÍM Unglinga	1.000 kr - 2.000 kr
ÍM Fullorðinna	2.500 kr - 3.500 kr
GrandPrix mót	1.000 kr hvert mót
Bikarmót	1.000 kr hvert mót
<b>Sektir veturinn 2009 - 2010</b>	
Vantar réttindadómara / aukadómara á mót	10.000 kr / 5.000 kr
Vantar starfsmann á mót	5.000 kr
Vantar yfirlíðstjóra á mót	5.000 kr
Kæra inn keppanda á mót	5.000 kr
<b>* Sektir verða þó aldrei meiri en fimmföld mótagjöld félags</b>	
Samþykkt á 22. ársþingi KAÍ 2009	

## REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2009

Tekjur	Skýring	1/1-31/12/09	1/1-31/12/08	breyting %	
11000	Framlög og styrkir	5.897.517	4.479.437	31,7%	
22000	Árgjöld aðildarféлага	391.500	310.800	26,0%	
15000	Tekjur af mótum	1	861.500	755.000	14,1%
	Aðrar tekjur	2	0	226.051	-100,0%
<b>Tekjur alls</b>		<b>7.150.517</b>	<b>5.771.288</b>	<b>23,9%</b>	
Gjöld					
37000	Áhöld og tæki	3	-21.000	327.153	-106,4%
41000	Ferðakostn. Innanlands	4	0	0	
42000	Ferðakostn. erlendis	4	2.506.453	2.599.107	-3,6%
43000	Annar þátttökukostn.	4	88.849	124.173	-28,4%
45000	Kostnaður við mótahald	1	738.727	737.532	0,2%
46121	Kostnaður við NM 2008	2	0	1.061.625	
48000	Skrifstofuleiga hjá ÍSí	5	141.276	141.276	0,0%
53000	Rekstur skrifstofu	5	228.556	168.777	35,4%
56000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	6	729.468	812.434	-10,2%
65000	Önnur gjöld	7	826	49.115	-98,3%
70000	Erlend samskipti	8	386.037	273.336	41,2%
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>4.799.192</b>	<b>6.294.528</b>	<b>-23,8%</b>	
Hagnaður/Tap f. afskriftir		<b>2.351.325</b>	<b>-523.240</b>	<b>-549,4%</b>	
Fjármagnstekjur		76.508	66.331	15,3%	
<b>Afskriftir alls</b>		<b>-29</b>	<b>0</b>		
Hagnaður/Tap		<b>2.427.804</b>	<b>-456.909</b>	<b>-631,4%</b>	

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2009  
Reykjavík, 17. febrúar 2010

### KRISTJÁN GAUKUR KRISTJÁNSSON (í Ástralíu)

Kristján Gaukur Kristjánsson, gjaldkeri KAÍ

#### Skýringar við rekstrarreikning

1	Tekjur af mótum		1	Kostnaður við mót	Samtals
	ÍM-Barna	140.000		-82.950	57.050,00
	UM-Kata	204.000		-44.292	159.708,00
	ÍM-Kata	127.000		-51.330	75.670,00
	Grand Prix	211.000		-160.538	50.462,00
	UM-Kumite	57.000		-82.749	-25.749,00
	ÍM-Kumite	66.500		-148.030	-81.530,00
	Bikarmót	56.000		-61.190	-5.190,00
	Annað			-101.848	-101.848,00
		<b>861.500</b>		<b>-732.927</b>	<b>128.573,00</b>
2	Aðrar tekjur				
	Engar	0		0	0,00
		<b>0</b>		<b>0</b>	<b>0,00</b>

## Karatesamband Íslands

3	<i>Áhöld og tæki</i>	
	Seldar gamlar hlífar	21.000
		0
		0
		<b>21.000</b>
4	<i>Ferðir erlendis og innanlands</i>	
	Ferðastyrkir	-840.000
	Flug	-792.541
	Gisting	-648.435
	Uppihald	-225.477
	Þátttökugjöld	-88.849
		<b>-2.595.302</b>
5	<i>Skrifstofa</i>	
	Skrifstofuleiga ÍSÍ	-141.276
	Veitingar	-109.160
	Skrifstofa	-119.396
		<b>-369.832</b>
6	<i>Kynning, fræðsla, útbreyðsla</i>	
	Landsl.æfing	-397.970
	Dómaranám	-328.168
		<b>-726.138</b>
7	<i>Önnur gjöld</i>	
	Karatedagurinn	0
	Bankakostnaður	-826
		<b>-826</b>
8	<i>Erlend samskipti</i>	
	WKF	-178.434
	EKF	-146.640
	NM-samstarf	-60.963
		<b>-386.037</b>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2009

EIGNIR	31.12.2009
87000 Inneign hjá ÍSí v/útbr.	1.025.788
87000 Skuldir félaga	0
<i>Skammtímakröfur alls</i>	<u>1.025.788</u>
88000 <i>Handbært fé</i>	
88200 Tékkareikningur 0515-26-5103	1.173.784
88201 Sparireikningur 0515-14-104863	1.286.259
88201 Sparireikningur 0515-14-613366	124
<i>Handbært fé alls</i>	<u>2.460.167</u>
<b>89999 Eignir alls</b>	<b><u>3.485.955</u></b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>	
91000 Eigið fé 31/12/08	1.048.195
Hagnaður/tap	2.427.804
Eigið fé 31/12/09	3.475.999
92003 Skammtímaskuldir	9.956
<b>99999 Skuldir og eigið fé alls</b>	<b><u>3.485.955</u></b>

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 17. febrúar 2009

Indriði Jónsson

Helga Arnardóttir